

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar
vegna frístundabyggðar að Arnarstapa.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. september 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 sem samþykkt var í bæjarstjórn 3. júlí 2024.

Í breytingunni felast auknar byggingarheimildir innan frístundabyggðar F4 og F5 á Arnarstapa með nýtingarhlutfall í allt að 0,07 nema strangari skilmálar séu í deiliskipulagi.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. september 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 17. september 2024